



Reykjavík 5. október 2015

Efni: Umsögn lækna ráðs Landspítala um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala, þingskjal 4 - 4. mál. 145 löggjafarþing 2015-2016.

Læknaráð Landspítala fagnar að fram er komið frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala. Læknaráðið hefur ítrekað ályktað um húsnæðisvanda Landspítalans. Hér að neðan fylgir yfirlit um ályktanir ráðsins um húsnæðisvanda Landspítala allt aftur til ársins 2004. Í dag annar Landspítali ekki hlutverki sínu né er hægt að taka upp nýjungar í meðferð eða koma fyrir nauðsynlegum tækjabúnaði með góðu móti. Reglulega yfirfyllast legudeildir og gjörgæsla spítalans. Þetta leiðir m.a. af sér að áætlanir um átak í styttingu biðlista kemst í uppnám. Áberandi er langvarandi vanræksla í viðhaldi bygginga sem rekja má til fjárskorts. Tilkynningar um veikindi starfsfólks sem rekja má til óheilsusamlegs starfsumhverfis eru hættar að koma á óvart og tíðari en ásættanlegt getur talist.

Ljóst er að hagræðingaraðgerðir undanfarinna ára í starfsemi spítalans hafa gengið lengra en ásættanlegt er. Áætlanir um byggingarframkvæmdir takmarkast af fjárveitingum. Í upphafi var gert ráð fyrir að byggt yrði yfir starfsemi spítalans og húsnæðiskostur hans endurnýjaður eigi síðar en 2016. Þær vonir eru nú brostnar og við núverandi aðstæður er gert ráð fyrir að framkvæmdum við sameinaðan meðferðarkjarna og rannsóknarhús ljúki árið 2023. Tafir á framkvæmdum og áætlunum verða fyrst og fremst raktar til fjármögnunarvanda verkefnisins. Í því ljósi er hvatt til þess settur verið á fót byggingarsjóður Landspítalans og honum tryggðar fjárveitingar og tekjustofnar til byggingarframkvæmda og endurnýjunar húsnæðis Landspítalans án frekari málalenginga og tafa.

Virðingarfyllt

Reynir Arngrímsson,
formaður Lækna ráðs Landspítala

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



Ályktanir lækna ráðs Landspítala 2004 - 2015 um húsnæðisvanda Landspítalans.

Í ályktun almenns fundar lækna ráðs haldinn þann 30. apríl 2004 kemur m.a fram:

"Brýnt er að framkvæmdir við nýtt sjúkrahús hefjist strax og að fyrsta áfanga verði hagað þannig að unnt verði að sameina bráðabjónustu og stoðdeildir hennar á einum stað sem fyrst. Læknaráð LSH lýsir stuðningi við þá forgangsröðun sem sett er fram í skýrslunni, þar sem uppbygging á slysa- og bráðabjónustu er sett í forgang ásamt uppbyggingu rannsóknareininga. Það hefur verulega háð bjónustu LSH að ekki hefur verið hægt að ljúka sameiningu sjúkrahússins. Verulegur vandi, rekstrarlegur ekki síður en faglegur, hlýst af því að sérgreinar lækninga eru ekki á einum stað. Þá er aðstaða fyrir sjúklinga ekki nógu góð og starfsaðstaða lækna og annars starfsfólks ófullnægjandi".

Í aðalfundarályktun þann 24. maí 2004 kemur fram:

"Læknaráð telur að frekari hagræðingarmöguleikar sjúkrahússins felist í því að starfsemi sjúkrahússins verði komið fyrir á einum stað. Þá fyrst getur orðið marktæk hagræðing í rekstri og bjónustu sjúkrahússins. Kannanir hafa sýnt að vinnuálag starfsfólks LSH er mikið og að vinnuaðstaða er ófullnægjandi. Kostnaður við þær framkvæmdir, sem þarf til að sameina starfsemi sjúkrahússins á einn stað, er ekki hár miðað við rekstrarkostnað sjúkrahússins".

Í sameiginlegri ályktun frá lækna ráði og hjúkrunarráði Landspítalans frá 18. maí 2015 kemur fram:

"Það er afar þýðingarmikið fyrir þjóðina að eignast nýjan spítala sem fyrst, svo unnt verði að ljúka sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík á einum stað, enda felast í því hagræðingarmöguleikar bæði í rekstri og bjónustu. Þrátt fyrir háan stofnkostnað nýs sjúkrahúss, jafngildir sá kostnaður aðeins því sem nemur rekstri sjúkrahússins í tæpt eitt og hálf ár. Nýtt húsnæði er því góð fjárfesting sem skilar sér fljótt í bættri bjónustu og hagkvæmum rekstri. Það hefur háð bjónustu LSH verulega að ekki hefur verið hægt að ljúka sameiningu sjúkrahússins. Faglegur, ekki síður en rekstrarlegur, vandi hlýst af því að sérgreinar lækninga eru ekki nátengdar á einum stað. Þá er húsakostur og tækjabúnaður víða úr sér genginn, aðstaða fyrir sjúklinga er ekki nógu góð og vinnuaðstaða starfsfólks ófullnægjandi. Brýnt er að framkvæmdir við nýtt sjúkrahús hefjist sem fyrst. Líklegt er að uppbyggingunni verði skipt í áfanga og er fullum stuðningi lýst við þá forgangsröðun, sem ákveðin hefur verið, þ.e. að bygging húsnæðis fyrir slysa- og bráðabjónustu verði sett í forgang ásamt húsnæði fyrir rannsóknæiningar. Læknaráð og hjúkrunarráð hafa af því miklar áhyggjur hversu langur tími virðist ætlaður til undirbúnings

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



framkvæmda. Því er hvatt til þess að allar leiðir verði skoðaðar til að flýta uppbyggingunni, bæði hvað varðar fjármögnun, svo og byggingaframkvæmdirnar sjálfar".

Almennur fundur lækna ráðs þann 28. október 2005 ályktaði:

"Þar sem nú þegar er brýn þörf fyrir umbætur í húsnæðismálum, telur lækna ráð LSH mikilvægt að hraða framkvæmdum eins og auðið er og að tryggð verði heildræn fjármögnun til verkefnisins alls. Lækna ráð leggur áherslu á að unnið verði að háskólahluta verkefnisins frá upphafi framkvæmda, og er það ein af forsendum þess að háskólasjúkrahúsið geti staðið undir nafni. Þá er ljóst að bygging fyrir göngudeildir er mjög brýn og þarf að skoða allar leiðir til fjármögnunar þeirrar byggingar sem gætu leitt til að framkvæmdum lyki mun fyrr en nú er áætlað. Þá er lagt til að heilbrigðisyfirvöld skoði önnur rekstrarform á göngudeildarstarfsemi LSH, sem gæfu tækifæri til að bæta þjónustu og samhæfa betur sérfræðilæknisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Lækna ráð áréttar einnig nauðsyn þess að bráðþjónusta liggja miðlægt í sjúkrahúsinu og sé í nánd við klíniska starfsemi bráðadeilda. Í þessu samhengi hefur lækna ráð áhyggjur af því að kvennaog barnadeildir hins nýja sjúkrahúss verði of fjarri bráðþjónustukjarna og geti það haft slæmar afleiðingar fyrir þessar mikilvægu deildir sjúkrahússins. Ljóst er að húsnæðisvandi sjúkrahússins í dag er alvarlegur og háir starfsemi sjúkrahússins og möguleikum á frekari þróun þjónustu. Þessi vandi getur ekki beðið óleystur þar til nýtt sjúkrahús hefur verið reist. Því er nauðsynlegt að finna úrlausn, og krefst hún annað hvort nýbygginga eða nýtingu húsnæðis í námunda við sjúkrahúsið. Vandinn er sérstaklega mikill á LSH við Hringbraut og ef Heilsuverndarstöðin fengist til afnota næsta áratuginn leysti það hluta vandans".

Aðalfundur lækna ráðs haldinn 2006 sendi frá sér sjö ályktanir sem lutu að rekstri og starfsumhverfi Landspítalans:

"Aðalfundur lækna ráðs LSH haldinn 26. maí 2006 hvetur framkvæmdastjórn LSH að grípa þegar í stað til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að „gangainnlagnir“ komi framvegis ekki til álita í starfsemi LSH. Greinargerð: Legurúmum hefur verið markvisst fækkað á undanförunum árum. Árið 1999 voru legudeildarrými 1259 en voru 848 árið 2005. Þessi fækkun hafði fyrirsjáanlegar afleiðingar þar sem ekki komu til nægjanleg önnur úrræði. Byggingar LSH rúma nú engan veginn starfsemi sjúkrahússins. Vegna plássleysis liggja sjúklingar í rúmum á göngum legudeilda. Gangainnlagnir hafa reyndar verið viðvarandi á sjúkrahúsunum í Reykjavík um árabil og eru orðnar viðtekin venja á LSH. Slík þjónusta við sjúklinga samrýmist ekki þeim kröfum sem gera á til sjúkrahússins"

Jafnframt var ályktað:

"Aðalfundur lækna ráðs LSH haldinn 26. maí 2006 áréttar að það er afar þýðingarmikið fyrir þjóðina að byggður verði nýr spítali sem fyrst, svo unnt verði að ljúka sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík á einum stað, enda felast í því hagræðingarmöguleikar bæði í rekstri og þjónustu. Þrátt fyrir háan stofnkostnað nýs sjúkrahúss, er sá kostnaður aðeins talinn jafngilda því sem nemur rekstri þess í tæpt eitt og hálf ár.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



Nýtt húsnæði er því góð fjárfesting sem skilar sér fljótt í bættri þjónustu og hagkvæmari rekstri. Ýmsar spurningar hafa vaknað varðandi vinningstillögu um deiliskipulag hins nýja sjúkrahúss. Sérstaklega hafa verið gerðar athugasemdir við dreifingu stafseminnar yfir stórt svæði og óhóflegar vegalengdir milli eininga. Læknaráð telur nauðsynlegt að lagfæra slíka hnökra við endanlega hönnun bygginga".

og loks segir m.a. í ályktunun aðalfundarins:

"Aðalfundur læknaráðs LSH haldinn 26. maí 2006 áréttar að það er afar þýðingarmikið fyrir þjóðina að byggður verði nýr spítali sem fyrst, svo unnt verði að ljúka sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík á einum stað, enda felast í því hagræðingarmöguleikar bæði í rekstri og þjónustu. Þrátt fyrir háan stofnkostnað nýs sjúkrahúss, er sá kostnaður aðeins talinn jafngilda því sem nemur rekstri þess í tæpt eitt og hálf ár. Nýtt húsnæði er því góð fjárfesting sem skilar sér fljótt í bættri þjónustu og hagkvæmari rekstri. Ýmsar spurningar hafa vaknað varðandi vinningstillögu um deiliskipulag hins nýja sjúkrahúss. Sérstaklega hafa verið gerðar athugasemdir við dreifingu stafseminnar yfir stórt svæði og óhóflegar vegalengdir milli eininga. Læknaráð telur nauðsynlegt að lagfæra slíka hnökra við endanlega hönnun bygginga".

Þann 12. janúar 2007 sendi læknaráð Landspítala frá sér eftirfarandi ályktun þar sem m.a. kemur fram:

"Læknaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss ítrekar fyrri ályktanir sínar um alvarlegan húsnæðisvanda sjúkrahússins, sem ekki getur beðið óleystur þar til nýtt sjúkrahús hefur verið reist. Húsnæðisvandinn leiðir til vaxandi óhagkvæmni í rekstri, kemur í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega þróun þjónustunnar næstu árin og kemur niður á sjúklingum og starfsmönnum. Nauðsynlegt er að yfirvöld fjármála og heilbrigðismála bregðist við þessum vanda með afgerandi hætti í samráði við stjórn og starfsfólk LSH".

Á aðalfundarályktunum læknaráðs Landspítala 25. maí 2007 kemur fram:

"Aðalfundur læknaráðs LSH haldinn 25. maí 2007 hvetur framkvæmdastjórn LSH til að grípa þegar í stað til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að „gangainnlagnir“ komi framvegis ekki til álita í starfsemi LSH. Læknaráð LSH ítrekar jafnframt fyrri ályktun sína um alvarlegan húsnæðisvanda sjúkrahússins sem ekki getur beðið óleystur þar til nýtt sjúkrahús hefur verið reist. Nauðsynlegt er að yfirvöld fjármála og heilbrigðismála bregðist við með afgerandi hætti og heimili úrlausnir til bráðabirgða með annað hvort nýbyggingum eða útvegum húsnæðis í námunda við sjúkrahúsið".

Í greinargerð með ályktunninni segir: "Legurúmum hefur verið markvisst fækkað á undanförunum árum. Árið 199 voru legupláss 1259 en voru 860 árið 2006. Þessi fækkun hafði fyrirsjáanlegar afleiðingar þar ekki komu nægileg önnur úrræði. Byggingar LSH rúma nú engan veginn starfssemi sjúkrahússins. Vegna plássleysis liggja sjúklingar á göngum legudeilda. Gangainnlagnir hafa reyndar verið viðvarandi á sjúkrahúsunum í Reykjavík um árabil og eru orðnar viðtekin venja á LSH. Slík þjónusta við sjúklinga

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa læknaráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



samrýmist ekki þeim kröfum sem gera á til sjúkrahússins. Gangainnlagnir brjóta friðhelgi einkalífs sjúklunga og geta valdið hættu undir bráðum kringumstæðum".

Þann 23. apríl 2009 ályktaði lækningaráð um sameiningu á bráðamóttökum spítalans. Þar segir:

"Stjórn lækningaráðs Landspítala telur að sameining á bráðamóttökum Landspítala á einn stað yrði mikið framfaraskref fyrir starfsemi sjúkrahússins, ef öll önnur bráðastarfsemi sjúkrahússins yrði jafnframt sameinuð á sama stað. Af slíku fyrirkomulagi hlytist bæði faglegur og fjárhagslegur ávinningur.

Læknar í mörgum sérgreinum hafa sett fram vel rökstuddar athugasemdir við lokun bráðamóttökunnar á Hringbraut. Slíkt gæti í ákveðnum tilvikum stofnað öryggi sjúklunga í hættu. Þar að auki er ekki ljóst hvort fyrirhuguð sameining á bráðamóttökunum leiði til raunverulegs rekstrarsparnaðar.

Nú hefur verið lögð fram ný og ódýrari tillaga að nýbyggingu á lóð Landspítalans við Hringbraut. Það er líklegt að slíka nýbyggingu megi reisa og taka í notkun á tiltölulega fáum árum. Þess vegna telur stjórn lækningaráðs skynsamlegt að slá fyrirhugaðri sameiningu á bráðamóttökum spítalans á frest meðan kannað er hversu raunhæfar nýbyggingartillögurnar eru".

Ályktun lækningaráðs Landspítalans um húsnæðisvanda Landspítalans frá aðalfundi 21. maí 2010 hljóðar svo:

"Landspítalinn hefur um langt árabíl búið við alvarlegan húsnæðisvanda og það óhagræði að meginstarfsemi spítalans fer fram á tveimur stöðum í Reykjavík. Lausn á þessum húsnæðisvanda er forsenda þess að hægt sé að bæta þjónustu við sjúklunga og tryggja jafnframt sem hagkvæmasta rekstur spítalans. Á síðastliðnu ári hafa náðst mikilvægir áfangar við undirbúning framkvæmda fyrir nýbyggingu Landspítalans við Hringbraut. Lækningaráð Landspítala skorar á yfirvöld heilbrigðismála og fjármála að halda áfram því góða starfi sem hafið er og stefna að verklokum á tilsettum tíma árið 2016".

Á aðalfundi 18. maí 2012 kom enn á ný fram ályktun um nýjan spítala:

"Starfsemi Landspítalans fer fram á 17 stöðum í nær 100 húsum á stórreykjavíkursvæðinu. Í þessu fyrirkomulagi felst mikið rekstrarlegt óhagræði og óþægindi fyrir sjúklunga sem oft þurfa að flytjast á milli bygginga. Brýnt er fyrir þjónustu við sjúklunga og öryggi þeirra að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað. Lækningaráð Landspítala styður heilshugar byggingu á nýjum sameinuðum Landspítala og skorar á stjórnvöld að sjá til þess að framkvæmdirnar hefjist sem fyrst".

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækningaráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



Þann 15. febrúar 2013 kemur fram í ályktun almenns lækningaráðsfundar:

"Fjölmenntur fundur lækna Landspítalans skorar á stjórnvöld að hætta við áform sín um að taka af lífi Landspítala og heilbrigðiskerfi Íslands á hægan og kvalarfullan hátt".

Þann 18. maí 2013 ályktar aðalfundur lækningaráðs Landspítala enn um húsnæðismál:

"Landspítalinn er rekinn í um 100 byggingum á 16 stöðum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Viðhald á þessum byggingum hefur setið á hakanum í niðurskurði undanfarinna ára. Áhrifa þess er farið að gæta á lélegum húsakosti. Brýnt er fyrir starfsemi spítalans, ekki síst þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra, að fundin sé lausn á húsnæðisvanda spítalans og starfseiningar séu sameinaðar á einn stað. Lækningaráð Landspítala skorar á stjórnvöld að leysa húsnæðisvanda Landspítala og hefja stækkun hans hið fyrsta".

Aðalfundurinn ályktaði einnig um að heilbrigðismál og hvatti til að þau yrðu sett í forgang:

"Niðurskurður hin síðari ár hefur gengið nærri starfsemi Landspítalans. Hann hefur leitt til fækkunar á sjúkrahúsum og á starfsfólki þrátt fyrir aukin verkefni. Úrræðum utan spítalans eru um margt ábótavant meðal annars fyrir aldraða og geðfatlaða. Valstarfsemi hefur dregist saman og biðlistar fyrir sjúklinga lengjast. Lækningaráð Landspítala skorar á þá ríkistjórn sem nú tekur við að setja heilbrigðismál í forgang".

Þann 24. september 2014 ályktar lækningaráð Landspítalans um þjóðarsjúkrahúsið:

"Lækningaráð Landspítala lýsir enn og aftur furðu sinni og gífurlegum vonbrigðum með skilningsleysi ráðamanna þjóðarinnar á vanda Landspítalans, sem endurspeglast í því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi fyrir árið 2015. Eins og lækningaráð Landspítala, framkvæmdastjórn spítalans og önnur fagfélög lækna hafa endurtekið bent á undanfarin ár er ljóst að staðan á Landspítala eftir langvinnt fjársveldi er algjörlega óásættanleg fyrir sjúklinga og starfsmenn spítalans. Aðbúnaður sjúklinga er óásættanlegur, eðlilegu viðhaldi og endurnýjun á tækjabúnaði spítalans er ábótavant, viðhaldi á húsnæði spítalans hefur ekki verið sinnt og atgervisflótti lækna frá spítalanum er raunveruleiki, eins og kemur fram í nýjum tölulegum upplýsingum frá Læknafélagi Íslands og Landlækni. Þetta leiðir til aukins álag á starfsmenn sem ýtir enn frekar á landsflótta þeirra lækna sem eftir eru. Nauðsynlegt er að gera Landspítala að samkeppnishæfum vinnustað fyrir lækna til að sporna gegn þeirri þróun. Að okkar mati er þjóðarsátt um það að styrkja þessa grunnstoð íslensks heilbrigðiskerfis sem Landspítalinn er. Það verður ekki gert nema með verulega auknu fjármagni til reksturs spítalans og fyrir nýjum framkvæmdum. Ekki er nægilegt að halda í horfinu heldur þarf verulega innspýtingu af fjármagni til að snúa þessari óheillaþróun við. Stjórn lækningaráðs Landspítala telur mikilvægt að hefja framkvæmdir á nýjum spítala sem fyrst en engar áætlanir eru um slíkt í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015. Lækningaráð Landspítala skorar á Alþingi Íslands að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 með það að leiðarljósi að setja Landspítalann í

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækningaráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



forgang og tryggja honum nauðsynlega fjárveitingu til að hefja þá uppbyggingu sem er svo nauðsynleg starfseminni".

Þann 23. september 2015 lýsir lækna ráðs Landspítalans enn og aftur yfir vonbrigðum sínum með fjárveitingar til Landspítalans og bendir á að viðhaldi á húsnæði spítalans hefur ekki verið sinnt svo fullnægjandi sé og engin merki í núverandi frumvarpi um að á því verði sú breyting sem nauðsynleg er. Fjárveitingar til þess hluta hafa verið óbreyttar í krónum talið undanfarin ár þrátt fyrir stigvaxandi þörf. Stjórn lækna ráðs ítrekar mikilvægi þess að flýta uppbyggingu nýs meðferðarkjarna og rannsóknarhúss og varar við þeirri hættu sem fylgir því að framkvæmdir dragist á langinn og telur útilokað að ná fram frekari hagkvæmni í rekstri fyrr en sameinaði Landspítalinn kemst í notkun.

Í heild hljóðar ályktun lækna ráðs svo:

"Ályktun lækna ráðs Landspítala 23. september 2015. Þjóðarsjúkrahúsið okkar. Lækna ráð Landspítala lýsir enn og aftur yfir vonbrigðum með skilningsleysi fjárveitingarvaldsins á starfsemi Landspítalans. Stjórn lækna ráðs telur að hlutur Landspítalans í fjárlagafrumvarpi fyrir 2016 dugi ekki til að halda í horfinu miðað við verðlags- og launaþróun og vanrækslu undanfarinna ára. Fullyrðingar um aukin framlög standast ekki skoðun þegar búið er að taka tillit til vísitölbreytinga og ekkert tillit er tekið til vaxandi eftirspurnar eftir þjónustu. Lækna ráð Landspítala skorar á Alþingi Íslendinga að endurskoða fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2016 með það að leiðarljósi að tryggja Landspítalanum nauðsynlega fjárveitingu til að geta hafið uppbyggingarskeið sem stuðlar að framþróun starfseminnar. Lækna ráð leggur áherslu á að batnandi staða ríkissjóðs nýtist til uppbyggingar á Landspítala eins og þjóðin hefur einhuga lýst yfir að vilji hennar standi til. Í greinargerð með ályktuninni segir: Endurreisa þarf grunnstoð íslensks heilbrigðiskerfis sem Landspítalinn er. Það verður ekki gert nema með verulega auknu fjármagni til reksturs spítalans og fyrir nýjum framkvæmdum. Nú er komið að skuldadögum. Ekki er nægilegt að halda í horfinu heldur þarf verulega innspýtingu af fjármagni til að snúa við óheillaþróun undanfarinna ára. Sérstaka athygli vekur að ekki sjást þess merki að staðið skuli við nýgerða kjarasamninga við heilbrigðisstarfsfólk. Til þess er fjárlagaramminn of naumt skorinn. Lækna ráð varar við þessari vegferð og brýnir fyrir stjórnvöldum að standa við gerða samninga án þess að draga frekar saman þjónustu spítalans með tilheyrandi lengingu biðlista á komandi ári. Í forgangi þarf að vera að skapa sátt milli stjórnvalda og starfsstétta spítalans, í stað þess að efna til frekari úlfúðar og sundurlyndis. Eins og lækna ráð Landspítala hefur endurtekið bent á undanfarin ár, er ljóst að staðan á Landspítala eftir langvinnt fjársveldi er algjörlega óásættanleg fyrir sjúklinga og vanáætlanir í fjárveitingum til lyfjamála bitnar harkalega á skjólstæðingum Landspítalans. Viðhaldi á húsnæði spítalans hefur ekki verið sinnt svo fullnægjandi sé og engin merki í núverandi frumvarpi um að á því verði sú breyting sem nauðsynleg er. Fjárveitingar til þess hluta hafa verið óbreyttar í krónum talið undanfarin ár þrátt fyrir stigvaxandi þörf. Stjórn lækna ráðs ítrekar mikilvægi þess að flýta uppbyggingu nýs meðferðarkjarna og rannsóknarhúss og varar við þeirri hættu sem fylgir því að framkvæmdir dragist á langinn og telur útilokað að ná fram frekari hagkvæmni í rekstri fyrr en sameinaði Landspítalinn kemst í notkun".

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is